

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 2. janúar 2013 í máli nr. S-229/2011:

Ákærvaldið

(*Stefanía G. Sæmundsdóttir settur saksóknari*)

gegn

X

(*Ásgeir Jónsson hrl.*)

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 31. október á hendur ákærða X..., kt. ..., ..., Málið var dómtekið 28. nóvember sl.

Málið var upphaflega dómtekið 8. desember 2011 og dómur kveðinn upp hinn ... 2012. Með dómi Hæstaréttar frá var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærða

„ fyrir kynferðisbrot framin í janúar eða febrúar á árinu 2011 á

I.

Með því að hafa í tvö aðgreind skipti haft kynferðismök við A..., fæddan ..., sem þá var fjórtán ára, án þess að gæta nægjanlegrar varúðar um aldur piltsins, með því að hafa í bæði skiptin látið piltinn fróa sér og sjúga á sér kynfærin og auk þess í annað af framangreindum skiptum haft við hann endaparmsmök.

Telst þetta varða við 204. gr., sbr. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og 11. gr. laga nr. 61/2007.

II.

Með því að hafa í fyrrgreind skipti greitt A... fyrir vændi barns með reiðufé, samtals allt að kr. 30.000, sbr. I. ákærulið.

Telst þetta varða við 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 13. gr. laga nr. 61/2007 og 2. gr. laga nr. 54/2009.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B..., kt. ..., vegna ólögráða sonar hennar, A..., kt. ..., er krafist miskabóta að fjárhæð kr. 1.600.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðstryggingu nr. 38/2001 frá 1. apríl 2011 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákærði mætti við þingfestingu málsins hinn 15. nóvember 2011 ásamt verjanda sínum og óskaði eftir fresti til að tjá sig um sakarefnið. Í þinghaldi hinn 8. desember 2011 játaði ákærði þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru en hafnaði bótakröfu. Var bótakröfunni því vikið til meðferðar í sérstöku einkamáli með heimild í 1. mgr. 175. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Var málið flutt um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Í framhaldinu var kveðinn upp dómur hinn ... 2012. Með dómi Hæstaréttar hinn ... 2012 var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Í þinghaldi 19. október sl. er mál þetta var tekið fyrir að nýju eftir dóm Hæstaréttar frá ... játaði ákærði að hafa haft kynferðismök við drenginn í 2 skipti það hafi verið munnmök og fróun. Hann mótmælti því að hafa átt endaparmsmök við brotþola. Hann kvað hluta fjárhæðar þeirrar er greinir í II. lið ákæru vera vegna þess að brotþoli hafi haft af honum fé með fjárkúgun eftir að brotin áttu sér stað. Ákærði mótmælti bótakröfu. Mál nr. E-... var fellt niður og fjallað er um bótakröfu í því máli sem hér er dæmt.

Dómkröfur ákærða nú varðandi ákæruliði I og II eru þær að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að fullnustu refsingar verði frestað skilorðsbundið. Hann krefst sýknu af einkaréttarkröfu um miskabætur en til vara að hún verði lækkuð verulega og jafnframt er þess krafist að bótakrefjandi greiði ákærða málskostnað ákærða að skaðlausu. Þá er þess krafist að allur málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun og útlagður kostnaður skipaðs verjanda ákærða, að viðbættum virðisaukaskatti á málsvarnarlaunin.

Við uppkvaðningu dóms er gætt ákvæða 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Málsatvik

Hinn 4. apríl 2011 fór fram skýrslutaka af brotaþola í Barnahúsi í Reykjavík sbr. a lið 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Tilefni þess var rannsókn vegna ætlaðra brota tiltekinna aðila gagnvart brotaþola. Við þá skýrslutöku sagði brotaþoli aðspurður um orðalagið X... í síma hans að það væri ... sem hann hefði hitt. Hann hefði keypt kynlífsþjónustu af brotaþola tvisvar sinnum, það hefði verið uppi í Ákærði hefði „riðið“ honum og brotaþoli „tottað“ hann í fyrra skiptið og „tottað“ hann í það síðara. Brotaþoli giskaði á að hann hefði fengið 7-10.000 krónur fyrir „tottið“ og fyrir endaparmsmökkin um 20.000 krónur. Þetta hefði verið á árinu 2011 í bíl ákærða.

Brotaþoli kvaðst halda að hann hafi sagt ákærða að hann væri 15 ára gamall. Hann hafi skrökvað til um aldur enda verið 14 ára er þetta var. Hann kvaðst hafa kynnst ákærða á MSN samskiptavef en ekki þekkt hann fyrir. Ákærði hefði sagt sér að hann ynni í Þegar ákærði hefði tvisvar gefið brotaþola peninga án þess að stunda kynlíf með honum hafi hann viljað fara að stunda kynlíf. Brotaþola hafi ekki langað til að gera það. Hann hafi farið inn á heimasíðu ... þess er ákærði ... og fundið mynd af honum og þar hafi nafn hans og netfang verið. Hann hafi útbúið kort af netinu sem sýndi heimili ákærða og hóttað honum því að hafa samband við konu hans og son ef hann borgaði sér ekki peninga. Hann hafi borgað sér í þetta skipti og verið alveg geðveikt hræddur. Síðan hafi hann aldrei svarað símanum sínum og brotaþoli ákveðið að hringja heim til hans og beðið um að tala við ákærða.

Er þessi skýrsla sem hér var rakin var gefin í Barnahúsi var enginn viðstaddur af hálfu ákærða hvorki hann sjálfur né verjandi enda beindist rannsókn þá að öðrum mönnum.

Í lögregluskýrslu dagsettri 5. apríl 2011 í framhaldi af skýrslutöku af brotaþola í Barnahúsi daginn áður segir að við þá yfirheyrslu hafi komið fram að ... hafi tvisvar keypt af honum kynlífsþjónustu. Komið hafi í ljós að um hefði verið að ræða ákærða og lýsti brotaþoli því að þeir hefðu hist tvisvar sinnum og viðskipti þeirra átt sér stað í bifreið ákærða í bæði skiptin.

Í framhaldi af þessu var ákærði handtekinn á heimili sínu hinn 6. apríl 2011 kl. 7:50 og kynnt að hann væri handtekinn vegna gruns um kynferðisbrot gagnvart 14 ára dreng, brotaþola. Að lokinni húsleit þar sem lagt var hald á tvær tölvur, turntölvu, sem var í skrifstofuherbergi og fartölvu sem var í forstofu íbúðarinnar, var hann færður á lögreglustöð. Þar gaf ákærði upplýsingar um notendanöfn og lykilorð inn á MSN spjallumhverfi, sem og aðgangsorð að vefsvæði á vinnustað sínum, Haft var samband við lögmann sem fenginn var til að vera verjandi ákærða og ákærði færður í fangaklefa. Kl. 11:08 hófst yfirheyrsla yfir ákærða að viðstöddum verjanda og lauk henni kl. 11:43 og var ákærði látinn laus að skýrslutöku lokinni.

Hinn 9. júní 2011 var tekin skýrsla af brotapolu í Barnahúsi að viðstöddum lögmanni er mætti vegna tilnefnds verjanda ákærða. Tilefni þessa þinghalds var kæra á hendur ákærða. Jafnframt beindist á sama tíma rannsókn á hendur öðrum manni vegna annarra brota gagnvart brotapolu sem eru því máli sem hér er dæmt óviðkomandi.

Brotapoli var þá nýorðinn 15 ára gamall. Aðspurður um hvort hann hefði einhverju við frásögn sína frá 4. apríl 2011 sagði brotapoli að það væri ekkert sem honum dytti í hug. Hann var spurður um hvað þeim ákærða hefði farið á milli á kynferðisviðinu og sagði að sér þætti óþægilegt að fjalla um þetta en sagði að þeir hefðu hist nokkrum sinnum. Hann hafi fengið greiddar 8.000 til 15.000 krónur fyrir. Ekki kvaðst hann muna hversu oft þeir hittust en það hefði verið snemma á árinu 2011. Ákærði hefði greitt sér fyrir kynlíf og spurður um hvers konar kynlíf hefði farið fram svaraði brotapoli því að það hefði bara verið venjulegt, munnmök og eitthvað svona. Hann var spurður um hvort ákærði hefði átt við hann endaðarmsmök og svaraði því játandi. Hann hafi leyft ákærða að snerta sig. Ákærði hefði átt endaðarmsmök við brotapolu en brotapoli munnmök við ákærða. Brotapoli kvaðst ekki vita hvers vegna brotapoli neitaði því að hafa átt endaðarmsmök við sig. Hann viðurkenndi að hann hefði beitt ákærða fjárkúgun með því að hóta honum að segja lögreglunni frá samskiptum þeirra. Í fyrsta sinn sem hann hafi gert þetta hafi brotapoli borgað sér en síðan hætt því. Brotapoli sagði aðspurður að þetta hefði verið 7 eða 8.000 kall eða eitthvað eins og hann orðaði það. Hann kvaðst hafa notað peningana til að kaupa vímuefni. Hann hafi hótad ákærða í síma og með tölvupósti. Hann kvaðst hafa farið heim til ákærða sem hafi sagt brotapolu að fara í burtu sem hann hafi gert. Hann kvað ákærða hafa haft endaðarmsmök við sig einu sinni.

Hinn 6. apríl 2010 var tekin skýrsla af ákærða á lögreglustöðinni á Sagði ákærði þetta hafi hafist þannig að hann hafi séð auglýsingu sem brotapoli hefði sett inn á einkamál.is að því er hann minnti. Þar hafi hann auglýst eftir kynferðislegum samskiptum við karlmenn. Það séu jú 18 ára aldursmörk fyrir þá sem megi vera þarna með auglýsingar, það sé greinilega ekki staðið við það af þeim sem reki þennan vef. Ekki kvaðst ákærði muna hvað brotapoli hafi sagst vera gamall þar en menn tilgreini það. Hann hafi allavega ekki sagt að hann væri jafngamall og ákærði vissi að hann var er hann var yfirheyrður. Heldur mun eldri en ákærði hefði svona í „vitleysis bríarí“ haft samband við hann á vefnum. Þannig hafi samskiptin byrjað. Þeir hafi spjallað og svona ekki mikið, bara öðru hvoru. Þangað til einhvers staðar í samskiptunum hafi komið fram að hann kæmi öðru hvoru á Brotapoli hafi farið að segja að hann vilji endilega að hitta ákærða. Minnti hann ekki betur en að það hafi verið þannig að frumkvæðið hafi alltaf verið brotapolu. Hann hafi sótt það stíft að hitta ákærða. Að endingu hafi þeir ákveðið að hittast á förnum vegi á afviknum stað þar sem ákærði tók hann upp í bílinn. Þeir hafi síðan verið saman, þetta hafi nú verið ósköp saklaust í sjálfu sér, sem sagt svona stutt lítil gagnkvæm fróun, sem endað hafi með fullnægingu hélt ákærði. Brotapoli hafi viljað fá pening fyrir þetta og í rauninni verið að auglýsa það á vefnum einkamál.is. Ákærði kvaðst hafa látið hann fá einhverja þúsundkalla, hann mundi ekki hvað það var mikið en engin ósköp og með það hafi þeir skilið. Síðan hafi þetta endurtekið sig nokkru síðar, í janúar, líklega. Hann hafi ekkert áttað sig á aldri brotapolu, séð aðeins að

Þetta var unglingur en þeir hafi verið í myrkri, en hann hafi ekkert áttað sig á þessum unga aldri. Brotapoli sé frekar fullorðinslegur miðað við aldur, sem ákærði viti núna hver er. Hann hafi verið með það í huga að þetta væri strákur sem væri líklega 16 ára eða svo, væri sem sagt í efsta bekk grunnskóla. Þetta hafi síðan gerst aftur með mjög svipuðum hætti í rauninni og það hafi alltaf verið hann sem sótt hafi á. Það hafi gerst í tvígang að þeir hafi hist svona og ákærði borgað honum aðeins fyrir það að hans ósk. Síðan þá hafi hann farið að biðja um peninga og sagst vilja hitta ákærða og vilja pening, hvort hann gæti lánað honum pening. Ákærða minnti að hann hafi orðað það þannig. Brotapola hafi sárvantað pening og ákærði kvaðst hafa asnast til að hitta hann og þá farið að spyrja hann til hvers hann þyrfti þessa peninga, hvort hann væri í dópi eða eitthvað svoleiðis. Brotapoli hafi þrætt fyrir það. Þetta hafi bara verið tveggja manna tal sem hafi svo endað með því að ákærði hafi látið brotapolu fá nokkra þúsund kalla. Hann myndi þetta ekki vel en hann væri aldrei með mikla peninga á sér. Brotapoli hafi farið með þetta. Svo hafi komið skilaboð um það að brotapoli viti hver ákærði sé og nú vilji hann fá pening. Þá hafi ákærði áttað sig á því hvað í rauninni hafi verið í gangi. Þetta hafi verið hrein og klár fjárkúgun með hótunum sem alltaf hafi orðið verri og verri í samskiptum þeirra. Bæði inni á netinu og svo hafi þetta endað með því að brotapoli fór að hringja heim til ákærða. Hann hafi verið í vandræðum, fyrst í farsímamann og ákærði hafi slökkt á honum og svoleiðis og síðan hafi hann hringt í heimasímamann. Mikill ófriður hafi verið af honum og ákærði náttúrulega einfaldlega kominn í voðalega mikla köku og hafi áttað sig á því í rauninni að þetta væri ekki hægt. Nánar aðspurður sagði ákærði að samskipti þeirra brotapolu hafi hafist um vefinn einkamál.is á síðari hluta ársins 2010. Brotapoli hafi beinlínis verið að auglýsa eftir kynferðislegu samneyti við karlmenn og þeir verið að ræða það svona einhvern vegin, það hafi nú ekki verið mikið. Ekkert að klæmast með einhverjum látum eða eitthvað slíkt. Þetta hafi verið galgopaháttur einhver. Ákærði hafi ekkert átt von á því að hitta þennan mann. Eitthvað hafi langanir borið á góma og síðan hafi þeir hist í janúar í fyrsta skiptið. Brotapoli hafi virkilega sóst eftir að hittast og látið það í veðri vaka strax að hann hafi viljað fá greitt fyrir. Þeir hafi hist í bíl ákærða og fróað hvor öðrum, svona aðeins, bara mjög léttar snertingar að sögn ákærða. Þetta hafi síðan gerst aftur um tveimur vikum síðar. Er framburður brotapolu var borinn undir ákærða sagði hann þá ekki hafa átt endaparmsmök það megi vera að hann hafi tottað ákærða aðeins, pínulítið, og ákærði hann. Það hafi verið voðalega lítið, eitthvað þannig. Ákærði neitaði því að þeir hafi átt endaparmsmök. Þetta hafi gerst tvisvar og ákærði greitt brotapolu einhverja upphæð í bæði skiptin. Sagði hann að það hefðu verið um 7 – 8 þúsund krónur. Hann bara hreinlega myndi það ekki. Nokkru eftir þetta hafi brotapoli haft samband við ákærða undir því yfirskini að fá peninga. Hafi ákærði lánað honum peninga en þeir einungis talað saman í það sinn. Ákærði hafi farið að ræða við brotapolu um það til hvers hann vantaði pening og hafi þá farið að renna á hann tvær grímur varðandi þetta. Eftir þetta hafi brotapoli farið að hafa samband við ákærða til þess að heimta af honum peninga og hóta því að láta vinnuveitenda, fjölskyldu, son ákærða, konu hans og lögreglu vita af þessu eins og að framan greinir. Hann hafi nefnt ansi háar upphæðir, 25.000 kall eða eitthvað svoleiðis. Ákærði kvaðst síðast hafa talað við brotapolu um tíuleytið kvöldið áður en hann gaf skýrslu sína sem hér er rakin. Þá hafi útidyrabjallan hringt og ákærði farið til dyra og þar hafi hann staðið ljóslifandi og sagst bara vilja fá pening. Ákærði hafi sagt að það kæmi ekki til greina og kvaðst hafa sagt brotapolu að fara og að hann vildi engin samskipti við brotapolu.

Ákærði var enn spurður um atvik og sagði að honum hefði einu sinni orðið sáðlát, í fyrra skiptið að því er hann ætlaði, en þeir hafi átt munnmök en brotaþoli í hvorugt skiptið. Ákærði hafi borgað brotaþola í bæði skiptin einhvers staðar á bilinu 7 til 8.000. Ákærði sagði að um mánaðamótin hafi hann áttað sig á því að hann væri kominn í eitthvað fjárkúgunardæmi, hreina og klára fjárkúgun. Þá hafi hann sagt komu sinni frá þessu. Þau hafi rætt þetta fram og til baka. Hann kvaðst í rauninni hafa komið óheiðarlega fram við hana og hún hafi ekki haft hugmynd um það. Hún hafi fundið sálfræðing og ákærði farið til hans í tveggja tíma samræður. Það hafi verið mjög gott. Enn fremur hafi hann tekið ákvörðun um að hætta alfarið að drekka, að nota ekki áfengi. Vegna þess að það hafi að hluta til ruglað bara dómgreindina hjá ákærða. Hann hafi gjarnan verið eitthvað aðeins undir áhrifum áfengis þegar hann hafi verið að spjalla á netinu það hafi verið svona lítill sjúss hér og sjúss þar. Það hafi verið sjálfhætt fyrir lífstíð að nota áfengi og reyna að ná tókum á þessari kynlífsfíkn. Þá hafi ákærði verið í meðferð hjá SÁÁ, venjulegri fíknimeðferð og svo í þessu. Þannig sé hann að reyna að brjóta þessa vitleysu sem hann sé augljóslega komin í upp.

Hann kvaðst ekki vera fullkomlega „straight“, kynferðislega og hafi áttað sig á því strax og hann hafi farið að finna fyrir kynhvöt. Að hann laðaðist alveg eins að karlmönnum og konum. Síðan hafi hann kynnst konu sinni og gift sig strax, rúmlega tvítugur og þá hafi þetta dottið voðalega mikið niður. Þetta hafi alltaf verið þarna. Þetta hafi komið stundum þegar aðstæður hafi blossað upp eða verið þannig þá hafi hann einstaka sinnum verið með karlmanni. En þetta hafi aldrei verið að sínu mati annað en bara karlmaður með karlmanni, fullkomlega lögráða einstaklingar að ákveða þetta sín á milli. Eftir að hann hafi uppgötvað að vefurinn einkamal.is var til hafi hann litið þar inn öðru hverju. Þannig hafi hann spjallað við fullt af mönnum. Þetta hafi bara verið spjall í 99 prósentu tilfellum og ekkert meira. Í einstaka tilfellum hittist menn. Allt hafi þetta verið á þeim nótum að tveir fullorðnir einstaklingar séu að gera eitthvað sem öðrum faktískt komi ekki við. Spurður um hvort hann hafi áttað sig á því að brotaþoli var undir átján ára aldri sagði ákærði að hann hefði áttað sig á því að þetta væri líklega grunnskólastrákur. Hann sé ... og átti sig alveg á því hverjir séu í ... og hverjir ekki. Hann hafi enga grein gert sér fyrir því hvað hann var gamall því þetta hafi verið svo fljótandi hjá honum. Er hann hafi hitt brotaþola hafi hann áttað sig á því að hann gæti verið um 16 ára. Honum hafi fundist að hann gæti verið einn af Þetta hafi verið eitthvað sem ákærði hafi verið með mjög á báðum áttum hvort hann ætti að gera eða ekki.

B... móðir brotaþola sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu hinn 11. apríl 2011 að skömmu eftir að áramót hafi hún verið að aka brotaþola suður til Reykjavíkur hafi hann skyndilega sagt henni að hann hefði fjárkúgað Hann hefði farið inn á síðuna hjá ... og fundið nafn hans, heimili, hver væru börn hans og kona og hótáð honum að mæta heim til hans ef hann borgaði honum ekki. Síðar hafi komið í ljós að þetta var ákærði. Brotaþoli hefði sagst hafa hitt hann úti við einhvern leikvöll og eftir það hafi hann fjárkúgað hann nokkrum sinnum um 5-10.000 krónur.

Skýrslur ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt brotþola fyrir en verið í sambandi við hann á spjallsvæði í einn mánuð og þar hafi hann verið með auglýsingu inni. Á svæði sem eigi að vera fyrir 18 ára og eldri samkvæmt skilmálum. Ákærði hafi ekki haft hugmynd um annað en að hann væri þarna á eðlilegum forsendum og hann hefði aldrei séð þennan dreng fyrr en hann hitti hann síðan í fyrra skiptið sem þeir áttu saman. Auglýsingin hafi fyrst og fremst gengið út á það að fá einhvers konar kynlífssamband. Hann hafi verið að auglýsa eftir einhverjum kynferðislegum samskiptum við aðra karlmenn. Það hafi komið fram í samskiptum þeirra síðar að brotþoli ætlaðist til greiðslu. Ákærði sagði að frá unglingsárum hafi hann líklega verið samkynhneigður, allavega tvíkynhneigður og verið í skáp með það. Síðan hafi hann kynnst yndislegri stúlku og þau verið gift 9 mánuðum eftir að þau kynntust. Þetta hafi þó alltaf blundað í sér þessar kenndir og síðan þegar að límið hafi farið að leysast upp í sambandinu við það að börn uxu úr grasi hafi hann farið að fá meiri svona tilfinningar gagnvart því að prufa sig áfram í sambandi við samkynhneigð. Hann hafi gert sér grein fyrir því að hann væri að brjóta á konunni sinni. Hafi hann deytt það með áfengisneyslu sem endað hafi með því að hann hafi verið orðinn nánast dagdrykkjumaður og dómgreindarskertur. Farinn að gera hluti sem honum séu gjörsamlega óeðlilegir og verið orðinn allt önnur persóna heldur en hann hafi verið alla tíð, strangheidarlegur maður. Í þessu rugli hafi hann kynnst drengnum. Hann hafi verið farinn að spjalla á svona síðum og farinn að ræða við fjöldann allan af mönnum. En hins vegar tók ákærði skýrt fram að hann hefði aldrei nokkurn tímann á ævinni girnst börn á nokkurn hátt og alls ekki kynferðislega. Hann hafi bara verið að spjalla við fólk sem sé á þessum svæðum sem sé ætlað 18 ára og eldri fullveðja einstaklingum. Þarna inni séu hins vegar alls konar einstaklingar og hann hefði átt að vita betur, að þarna geta menn verið að ljúga og allavega og þykjast vera einhverjir allt aðrir heldur en að þeir séu. Hann hafi farið að spjalla við drenginn það sé gaman að tala við fólk, hann spjalli heilmikið við fólk. Það séu margir á facebook og spjalli allan daginn og eitt leiði af öðru. Þetta hafi þróast á mörgum árum. Alkóhólismi sé eitthvað sem komi upp svona og minnti ákærða að hann hefði verið farinn að spjalla við brotþola einhvern tíma seinni part ársins 2010. Brotþoli hafi einfaldlega sótt á það að þeir hefðu samskipti, þetta gerist þannig að þegar farið sé inn á þessi msn forrit sjái þeir sem séu vinir manns þar að maður sé kominn inn. Hafi síðan komið að því að brotþoli hafi sagt sér að hann sé kominn á ... eða sé að koma á ... og hvort þeir ættu ekki að hittast. Þá hafi ákærði verið í þessum fáránlega vítahring og tekið þennan séns að hitta þennan dreng. Tilgangurinn hafi bara verið sá að hafa kynlíf og ákærði ekki haft hugmynd um hvað hann var gamall þá. Enda hafi ákærði aldrei vitað í raun og veru hvað hann var gamall fyrr en hann hafi hóttað sér og sagt honum beinlínis að hann væri 14 ára í hótunarbréfi. Hann kvað það hafa legið fyrir að brotþoli vildi fá greitt fyrir kynlífið er þeir ákváðu að hittast. Það hafi verið í janúar 2011 sem þeir hittust fyrst eiginlega uppi í sveit í kolsvarta myrkri á stíg við ... á Brotþoli hafi komið þangað gangandi og ákærði verið í bíl. Hann hafi komið inn í bílinn. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að gera sér grein fyrir því að brotþoli væri líklega undir 18 ára aldri. Hann hafi vitað að brotþoli væri ekki í ... enda ... ákærði í Brotþoli hefði sagt sér að hann væri búsettur á Í fyrsta skipti sem þeir hittust hafi þeir farið á afvikinn stað þar sem „verið hafi svona fróun og munnmök, sitjandi í framsæti á bíl sitthvoru megin“. Um munnmök sagði ákærði að eitthvað sáralítið hafi átt sér stað. Aðspurður um hvort brotþoli hafi átt munnmök við hann sagði ákærði að hann væri bara ekki alveg viss en hann haldi að svo hafi verið. Hann kvaðst örugglega hafa haft munnmök við brotþola. Um endaparmsmök sagði

ákærði að brotþoli hafi boðið það en það hafi alls ekki verið inni í myndinni hjá sér. Þeir hafi setið í sitthvoru framsætinu í bíl ákærða en á milli sætanna sé gírstöng og kassi. Hann kvaðst hafa greitt brotþola fyrir samskipti þeirra 6 – 7000 krónur í hvort sinn en brotþoli hefði verið búinn að nefna það. Aðspurður um aldur brotþola sagði ákærði að hann viti ekki hver sé munurinn á 16 ára og 17 ára. En sagði jafnframt „ég er ... búinn að vera í yfir 30 ár. Þegar þú sérð ... þá gætu sumir bara verið 12 ára miðað við útlit aðrir gætu verið 20. Þetta er gífurlegur þroskamunur á einstaklingum, það er ekki nokkur leið að segja hvað einstaklingur er gamall þegar að þú sérð þá.“ Ákærði sagðist gera sér grein fyrir því að hann hefði verið að kaupa vændi. En það að kaupa vændi barns hafi stungið sig í hjartað vegna þess að hann hafi í rauninni ekki verið að því. Hann hefði auðvitað átt að gera sér grein fyrir því. En hann hafi farið þessa leið af því að hann hafi verið að leita að fullorðnum einstaklingum, 18 ára en ekki börnum.

Brotþoli kvað samskipti þeirra ákærða hafa hafist á msn en hann hefði síðan keypt af honum vændisþjónustu. Auglýsing hafi verið á einkamál.is frá brotþola um að hann vildi komast í kynni við einhverja karlmenn sem vildu einhverja svona vændisþjónustu þ.e. kynlíf gegn greiðslu. Ekkert hafi komið fram um aldur brotþola í auglýsingunni. Í samskiptum við ákærða hafi komið fram að brotþoli vildi fá greiðslu fyrir að eiga með honum kynlíf. Hann kvaðst halda að talað hafi verið um eitthvað svona á bilinu frá 7-20.000 krónur. Eftir því hvers konar kynlíf væri um að ræða. Munnmök hafi kostað 7.000 krónur en endaparmsmök 20.000 krónur. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað hann hefði sagt ákærða um aldur sinn. Hann hefði sagt honum að hann væri í skóla á Þeir hafi ákveðið að hittast til þess að eiga kynlíf gegn greiðslu. Þeir hafi hist í ... en það sé fjarri byggð og ekki opið svæði. Í fyrra skiptið hafi þetta einungis verið munnmök og svo héldi hann að endaparmsmök hefði átt sér stað í annaðhvort skiptið en ekki myndi hann alveg hvort skiptið það var. Hann kvaðst hafa fróað ákærða með höndum og haft munnmök við ákærða, en ákærði hafi ekki haft munnmök við hann. Þá hafi ákærði haft endaparmsmök við brotþola inni í bílnum en mundi ekki hvar í bílnum mök áttu sér stað. Ákærði hafi greitt fyrir samskipti þeirra. Þeir hafi ekki rætt aldur brotþola er þeir áttu samskipti. Eftir þetta hafi brotþoli fengið peninga frá ákærða eftir að hafa hótad honum að segja frá atvikum. Fram kom hjá brotþola að hann hefði byrjað að stunda vændi 11 ára gamall til þess að fjármagna neyslu á „grasi“ og morfintöflum.

Vitnið B..., móðir brotþola lýsti því að brotþoli hefði verið kærður fyrir að stela veski af öðrum manni. Sama kvöld hafi hann skilið síma sinn eftir heima. Vitnið og vinur brotþola hafi farið að skoða símann hans og þá séð nafnið hans X... í símanum undir eitthvað X... kúnni eða eitthvað. Þessi strákur hafi strax sagt þetta er X..., kannadist eitthvað við hann. Í framhaldi af því hafi þetta komist upp þegar gengið hafi verið á brotþola. Brotþoli hafi sagt vitninu að hann hefði verið að selja sig en ekki sagt henni frá samskiptum sínum og ákærða. Einhvern tíma hafi hún verið að fara með í viðtal á Bugli (Barna- og unglíngageðdeild) og þá hafi hann sagt henni að hann hefði verið að selja sig ... en vitnið hélt hann væri að tala um eitthvað eldra. Hann hafi verið 12 ára að verða 13 ára þegar hann sagði vitninu fyrst að hann hefði verið að selja sig. Það var þegar þau bjuggu annars staðar á landinu

og kvaðst vitnið hafa haldið að hann væri að tala um eitthvað gamalt. Henni hafi ekki dottið í hug að hann væri ennþá að þessu. Um líðan brotapolá sagði vitnið að hún væri bara svona upp og niður. Hann sé náttúrulega mjög brotinn bæði eftir neysluna og þessi kynferðisbrot gegn honum. Hann sé bara mjög misjafn, svona upp og niður. Hann sé þunglyndur og hafi verið það fyrir en hann hafi ekki lagast neitt hvorki við neysluna né þetta.

Vitnið Þorbjörg Sveinsdóttir, sálfræðingur, kvað brotapolá hafa komið til sín í alls þrjátíu skipti. Viðtölin hafi hafist í apríl 2010 en samt ekki að neinu marki fyrr en í október það ár. Viðtalsmeðferð sé ekki lokið og muni halda áfram um óákveðinn tíma. Vandi drengsins sé mjög fjölþættur. Hann hafi verið háður hörðum fíkniefnum, meðal annars farinn að sprauta sig 14 ára gamall. Það sé ljóst að þegar þessi umrædd meint brot hafi átt sér stað hafi hann verið mjög langt leiddur í fíkniefnaneyslu. Hann hafi líka sætt endurteknum kynferðisbrotum og fjögur mál verið í rannsókn og þetta sé eitt af þeim. Líðan hans hafi verið slæm, hann hafi sýnt mikil kvíða- og streitueinkenni. Sjálfsmynd hans hafi verið mjög brotin og hann litið á sjálfan sig í rauninni mjög neikvæðum augum og falið sig á bak við málningadót og stöðugt breytt útliti sínu og þess háttar. Það hafi gengið vel á köflum hjá honum, honum hafi tekist að ná aðeins betri tókum á sjálfstraustinu sínu og byggja það upp en hann sé mjög brothættur ennþá. Þess vegna hafi verið ákveðið að auka aftur við viðtölin og hefja reglulega viðtalsmeðferð að nýju. Vitnið kvað ótvírætt að brotapolá hefði stundað vændi og orðið fyrir endurteknum kynferðisbrotum. Hann hafi sagt vitninu frá samskiptum sínum við ákærða. Brotapolá hafi sagst hafa hitt þennan umrædda mann og hann hafi borgað honum fyrir kynlífsþjónustu og það hafi líka haft mikil áhrif á hann og líðan hans varðandi þetta sérstaka mál sú staðreynd að þessi maður búi í því samfélagi sem hann sjálfur búi í og sé ... eða hafi verið ... á þeim stað. Þetta hafi verið mjög erfitt fyrir hann og hann haft mikla þörf fyrir að ræða það sérstaklega. Þau áhrif sem það hafi. Sérstaklega þar sem hann var sjálfur í ... á þessum tíma í sama bæjarfélagi. Þannig hafi brotapolá talað við vitnið alveg sérstaklega um þetta. Ekki hafi hann talað um hversu oft þeir hittust né um það kynlíf sem þeir áttu utan þess að það hafi verið mjög gróft.

Vitnið Helgi G. Garðarsson, geðlæknir á barna og unglingadeild LSH sagði að brotapolá væri náttúrulega mjög ungur kominn út í áhættuhegðun og fíkniefnaneyslu líka. Eitt af því fyrsta sem hverfi við fíkniefnaneyslu sé dómgreind og mat á réttu og röngu. Það sé erfitt að gera sér grein fyrir því hvort það hafi verið til staðar áður en það sé enginn vafi á því að mati vitnisins eftir að hann hafi byrjað í fíkniefnaneyslu. Þetta sé mjög sláandi. Hann komi sér að einhverju leyti í slíkar aðstæður eins og málið snúist um. Brotapolá hafi ekki mikla tilfinningalega dýpt þannig að hann skilji tilfinningamerkingu. Upplifi iðrun eða samviskubit eða eitthvað slíkt. Hann sé mjög tilfinningalega grunnur. Það sé bara eins og hann sé að fást við einhverja hluti en ekki persónur. Ungmenni sem verið hafi í fíkniefnaneyslu séu mjög tilfinningalega vanþroska, það taki oft tvö ár fyrir þau að komast út úr afleiðingum neyslunnar. Þetta sé það stuttu eftir að það geti vel verið að það eigi sér að hluta til rætur í þessari neyslu og hluta til kannski í hans vanþroska persónuleika sem vísbendingar séu um allt frá upphafi. Um fjárkúgun gagnvart ákærða sagði

vitnið að eitt af því sem hverfi mjög við misnotkun á áfengi og fíkniefnum sé dómgreind og siðferðiskennd hverfi oft á meðan á neyslu stendur og það hverfi oft getan til þess að setja sig í spor annarra. Þarna snúist það bara fyrst og fremst um það að fjármagna hans eigin neyslu. Þá sé hann í raun og veru ekki aflögufær til þess að fara að hugsa um hver staða hans sé. Hann líti bara í sjálfu sér á ákærða eins og hlut sem geti þjónustað eitthvað fyrir hann.

Vitnið Óttar Guðmundsson, geðlæknir kvað ákærða fyrst hafa komið til sín í apríl 2011, en vitnið hafi ekki talið saman hversu oft hann hafi komið en ætlaði að það væri í ein tuttugu skipti. Vitnið kvaðst ekki telja að ákærði sé haldinn barnagirnd og ekkert hafi komið fram í þeirra viðtölum annað en það að hann hafi talið drenginn mun eldri heldur en hann í raun var. Ákærði hafi verið í miklu áfalli, mjög kvíðinn, mjög þunglyndur, örvinglaður enda öll hans tilvera hrunin til grunna. Hann hafi verið fullur af samviskubiti og sektarkennd yfir þessum skaða sem hann hefði valdið, sérstaklega fjölskyldu sinni. Hann kvaðst ekki telja að ákærði sé hættulegur eða að hann sé líklegur til að leiðast út í eitthvað svona í framtíðinni. Hann hafi hætt að drekka og vitnið ráðlagt honum að koma fram með sína kynhneigð og hætta þessum feluleik og það myndi breyta mjög miklu fyrir hann. Síðan hafi hann ráðlagt honum að stunda öll þessi sjálfshjálparsamtök, sérstaklega AA og SLAA, Sex and Love Addicts Anonymous. Síðan að fara að byggja upp sína tilveru aftur og það hafi hann gert, farið í skóla og því um líkt. Hann hafi stundað þessi samtök mjög vel og komið reglulega til vitnisins þannig að ákærði sé gjörbreyttur maður í dag miðað við það sem var þegar vitnið sá hann fyrst.

Vitnið Jónas H. Ottósson, lögreglumaður, hann sagði frá því að hann hefði tekið við rannsókn þessa þáttar vegna framburðar brotaþola í öðru máli þar sem þetta mál hefði komið upp. Hann hafi handtekið ákærða, tekið af honum skýrslu og lagt hald á tölvu hans. Engin gögn hefðu fundist í tölvu ákærða hvorki á heimili né vinnustað. Ákærði hefði þverneitað að hafa átt endaparmsmök við brotaþola.

Loks kom vitnið Viðar Stefánsson lögreglufulltrúi fyrir dóminn og staðfesti gögn þau sem frá honum stafa í málinu en ekki þykir þörf á að rekja framburð hans hér.

NIDURSTAÐA

Ákærða er í I. kafla ákæru gefið að sök kynferðisbrot gegn brotaþola, sem fæddur er ..., með því að hafa í janúarmánuði 2011 í tvö aðgreind skipti haft kynferðismök við brotaþola, sem þá var fjórtán ára, án þess að gæta nægjanlegrar varúðar um aldur piltins, með því að hafa í bæði skiptin látið piltinn fróa sér og sjúga á sér kynfærin og auk þess í annað af framangreindum skiptum haft við hann endaparmsmök.

Ákærði hefur játað að hafa átt kynferðismök við brotþola en neitar að hafa haft við hann mök um endaparm. Hefur sú neitun hans verið stöðug og hann ekki hvarflað frá henni við rannsókn lögreglu né heldur er hann gaf skýrslu um atvik málsins hér fyrir dómi. Gegn eindreginni neitun ákærða í þessu efni og þegar litið er til þess að brotþoli var ekki viss um hvar í bílnum þau hefðu átt sér stað þykir ekki vera komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi haft endaparmsmök við brotþola.

Brotþoli gaf skýrslu um atvik í Barnahúsi hinn 4. apríl 2011 og einnig fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Frásögn brotþola um að ákærði hafi látið hann sjúga á sér kynfærin í tvö skipti í janúarmánuði 2011 og ákærða ber í meginatriðum saman og með því að fyrir liggur hiklaus játning ákærða á broti sínu þykir fram komin fullkomin sönnun um að hann hafi gerst sekur um brot þau gegn 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og 11. gr. laga nr. 61/2007 sem honum eru gefin að sök í I. kafla ákæru utan þess sem að framan segir um endaparmsmök.

Eins og áður hefur verið rakið kvaðst ákærði fyrir dómi hafa, áður en framangreint kynferðisbrot gagnvart brotþola átti sér stað sér stað, verið búinn að gera sér grein fyrir því að brotþoli væri líklega undir 18 ára aldri. Hann hafi vitað að brotþoli væri ekki í ... enda ... ákærði ... og brotþoli verið búinn að segja sér að hann væri búsettur á Aðspurður um aldur brotþola sagði ákærði fyrir dómi að að hann hefði verið búinn að vera ... í yfir 30 ár. Þegar krakkar kæmu í ... gætu sumir, miðað við útlit, verið 12 ára en aðrir 20 ára. Gífurlegur þroskamunur væri á einstaklingum á þessu aldursskeiði og ekki nokkur leið að segja til um hvað einstaklingur væri gamall miðað við útlit. Í skýrslu hjá lögreglu 6. apríl 2010 sagði ákærði að hann hefði „verið með það í huga að þetta væri strákur sem væri líklega 16 ára eða svo, væri sem sagt í ...“. Með hliðsjón af þessari reynslu ákærða sem hefði átt að verða til þess að hann gætti fyllstu varkárni hvað aldur brotþola áhrærir verður á það fallist með ákæruvaldinu að ákærði hafi sýnt af sér gáleysi um aldur brotþola sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Enda þótt fram komi í málinu að ákærði greiddi brotþola lægri fjárhæð en þá er greinir í ákæru er sannað að ákærði greiddi brotþola, sem hann vissi að var var undir 18 ára aldri, fyrir vændi barns og gerðist með þeirri hegðan sinni sekur um brot á 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 13. gr. laga nr. 61/2007 og 2. gr. laga nr. 54/2009, svo sem hann er ákærður fyrir í II. kafla ákæru.

Ákærði hefur ekki verið sakfelldur áður fyrir brot á refsilögum. Brotþoli er óharðnaður unglíngur sem verið hafði í neyslu fíkniefna og þrátt fyrir að hann hafi leitað leiða til að fjármagna fíkniefnaneyslu sína með þeim hætti sem fram kemur í máli þessu verður ekki fram hjá því litið að hann var einungis 14 ára gamall er atvik málsins urðu og sjálfsvirðing hans og sjálfsvitund skert vegna líferniss hans. Ákærði var á sextugasta aldursári er hann framdi brot sín og var í yfirburðaaðstöðu gagnvart brotþola vegna aldursmunar og reynslu. Þykir hann hafa brotið gróflega gagnvart brotþola. Tilraunir brotþola til þess að hafa af ákærða fé eftir að hann hafði brotið gegn drengnum þykja ekki fela í sér neinar málsbætur. Þá er til þess að taka að ákvæði þau sem ákærði er sakfelldur fyrir hér eru beinlínis til þess ætluð að vernda börn fyrir misnotkun af því tagi sem hér átti sér stað og hegðan brotþola í

aðdraganda samskipta þeirra dregur ekki úr sök ákærða eða telst honum til málsbóta. Refsing hans, sem ákvarðast með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í átján mánuði. Enda þótt ákærði hafi játað brot sín greiðlega frá upphafi rannsóknar og tekist á við áfengisvanda sinn og lagt sig fram um að leita lausna á vanda sínum, þykja ekki efni til að skilorðsbinda refsingu hans þegar litið er til eðlis brota þeirra sem hann er sakfelldur fyrir.

Réttargæslumaður hefur krafist miskabóta að fjárhæð 1.600.000 krónur, auk vaxta. Er vísað til þess að brotaþoli hafi orðið fyrir kynferðisbroti af hálfu ákærða. Hafi verknaðurinn leitt til verulegs tjóns fyrir brotaþola. Um lagarök er vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með vísan til niðurstöðu um sakfellingu fyrir kynferðisbrot og kaup á vandi er það niðurstaða dómsins að framferði ákærða í greint sinn hafi valdið brotaþola miska. Á hann rétt á skaðabótum vegna háttsemi ákærða á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993. Í ljósi atvika málsins og dómvenju á réttarsviðinu þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar 600.000 krónur. Fjárhæð dæmdra skaðabóta ber vexti eins og í dómsorði greinir.

Loks verður ákærða með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 gert að greiða sakarkostnað, samkvæmt yfirliti ákæruvalds, en málsvarnarlaun verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotaþola samkvæmt ákvörðun dómsins. Þær greiðslur þykja hæfilega ákveðnar að meðtöldum virðisaukaskatti svo sem greinir í dómsorði. Jafnframt verður ákærða gert að greiða ferðakostnað verjandans.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Sigurði G. Gíslasyni og Þórði S. Gunnarssyni héraðsdómurum.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X..., sæti fangelsi í átján mánuði.

Ákærði greiði B... v/A... miskabætur að fjárhæð 600.000 krónur ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. apríl 2011 til 4. október 2011 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Ásgeirs Jónssonar, hrl. 637.129 krónur, og ferðakostnað verjandans, 19.625 krónur. Þá greiði ákærði þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., að fjárhæð 432.915 krónur.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt yfirliti sækjanda að fjárhæð 20.000 krónur.

Allan V. Magnússon

Sigurður G. Gíslason

Þórður S. Gunnarsson